

**Íþróttahúsið á Reykhólum**  
**REGLUR UM ÚTLEIGU og GJALDSKRÁ**  
**Reglur vegna leigu á íþróttasal Reykhólahrepps til íþrótt-,  
ungmenna, félagsstarfs og heilsueflingar.**



### **1. gr. Leiga.**

Íþróttasalur Reykhólahrepps er til útleigu þann tíma sem Reykhólaskóli notar húsnæðið ekki, frá kl. 18.00 til 22.00 virka daga og frá klukkan 13.00 til 18.00 um helgar, til íþróttafélaga, félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga, og er hver tími 60 mínútur.

### **2. gr. Umsjón.**

Skrifstofa Reykhólahrepps sér um leigu salar, tekur við tímapöntunum og gerir tillögur um útleigu salarins. Lykill er afhentur á skrifstofu og þar er tekið við greiðslu. Þar fást einnig umsóknareyðublöð.

### **3. gr. Ábyrgðarmaður leigutaka.**

Leigutaki (18 ára eða eldri) skal ávallt vera ábyrgðarmaður fyrir hverjum þeim tíma sem leigður er, þegar óskað er eftir salnum til útleigu. Ábyrgðarmaður skal ávallt mæta í upphafi hvers tíma og vera til staðar í húsinu þann tíma sem íþróttasalur er leigður. Ábyrgðarmaður leigutaka skal tryggja að þeir sem nota salinn á hans vegum sýni háttsemi og fari að húsreglum. Hann skal fara að húsreglum varðandi umgengni og annað er varðar hið leigða húsnæði. Ábyrgðarmaður leigutaka skal sjá um að í lok leigðs tíma sé íþróttasal, búningsherbergjum og snyrtingum skilað í því ástandi að næsti hópur geti tekið við húsinu. Ábyrgðarmaður skal tryggja snyrtilegan viðskilnað og að húsið sé læst eftir að notkun lýkur.

### **4. gr. Dagbók.**

Á skrifstofu Reykhólahrepps er færð dagbók. Í dagbókina er skráð hvaða tíma dags leiga fer fram, hver er leigutaki. Ábyrgðarmaður kvittar fyrir leigðum tíma ásamt fulltrúa Reykhólahrepps.

### **5. gr. Niðurröðun tíma.**

Eftir því sem kostur er verður reynt að haga útleigu salar þannig að leigðir tímar verði eins samfelldir og mögulegt er.

### **6. gr. Leigðir tímar.**

Leigufyrirkomulag salarins er með þrennum hætti og heldur skrifstofan tímatöflu yfir leigða tíma.

#### **6.1 Stakir tímar.**

Leigðir eru stakir tímar og skal panta þá á skrifstofu með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

FRH.



### 6.2 Reglulegir tímar einn mánuð í senn.

Leigðir eru reglulegir tímar einn mánuð í senn og skal panta þá hjá skrifstofu Reykhólahrepps. Átt er við tíma í íþróttasal fjórar vikur í senn á sömu tímum í viku hverri.

### 6.3 Reglulegir tímar í þrjá mánuði eða meira.

Leigðir eru reglulegir tímar a.m.k. þrjá mánuði í senn eða lengur.

## 7. gr. Styrkur til leigutaka.

Íþróttafélög eða félagasamtök með reglulega starfsemi sem eru með aðsetur í Reykhólahreppi geta óskað styrks frá hreppnum vegna tíma í íþróttasal sem eru fyrir almenning, börn og unglinga. Slík umsókn skal berast sveitarstjóra og skal um hana fjallað í og hreppsnefnd .

*Reglur þessar samþykktar á fundi félagsmála- og jafnréttisnefndar Reykhólahrepps þann 21. september 2006.*

## **GJALDSKRÁ** (samb. 12. janúar 2012 IBE)

Gjald fyrir leigu á íþróttasal Reykhólahrepps:

Stakur tími kr. 3.300

1 mánuður (4 tímar) kr. 2.500 x 4 = kr. 11.000.

3 mánuðir (1 tími á viku í 13 vikur) kr. 2.000 x 13 = kr. 28.000.